

# Samþykkt um starfslaun listamanna

## 1. gr.

Árlega skulu veitt úr Menningarsjóði Akureyrarbæjar starfslaun til listamanns/listamanna, sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu Akureyrarbæ og starfar/starfa að öllu eða mestu leyti í sveitarfélaginu. Bæjarráð Akureyrarbæjar tekur ákvörðun um þann/þá sem starfslaunin hljóta.

## 2. gr.

Starfslaunin eru árlega uppreiknuð með hliðsjón launavísitölu eins og hún stendur í janúar ár hvert. Breytingin tekur gildi þegar nýtt starfslaunatímabil hefst (sbr. 5. gr.). Starfslaunin eru greidd án viðbættar orlofsgreiðslu eða annarra launatengdra gjalda. Starfslaunin eru í formi mánaðarlegra launagreiðslna frá Akureyrarbæ eða mánaðarlegra verktakagreiðslna sem greiddar eru út eftir á skv. samningi. Við staðfestingu þessarar samþykktar er mánaðarleg fjárhæð starfslaunanna kr. 330.000.

## 3. gr.

Markmiðið með starfslaunum listamanna er að sá/þeir sem þau hljóta geti helgað sig betur listsköpun sinni á tímabilinu.

## 4. gr.

Að loknu starfsári skal listamaðurinn gera grein fyrir starfi sínu með greinargerð til bæjarráðs og sýningu, flutningi eða upplestri á verki í frumflutningi eða frumbirtingu, allt eftir nánara samkomulagi við forstöðumann atvinnu- og menningarmála og verkefnastjóra menningarmála hverju sinni. Listamaður fær ekki greitt fyrir flutning, upplestur eða sýningu verks skv. framangreindu en hann heldur höfundarrétti sínum óskertum.

## 5. gr.

Úthlutun starfslauna skal að jafnaði fara fram á sumardaginn fyrsta ár hvert. Starfslaunatímabil stendur frá júní fram til loka maí árið á eftir.

## 6. gr.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt þeirra í bærarstjórn Akureyrarbæjar.

*Samþykkt í bæjarráði Akureyrarbæjar 25. maí, 2023*

*Samþykkt í bærarstjórn Akureyrarbæjar 6. júní 2023*